

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.
2. Við 4. gr.
 - a. Við b-lið bætist: Þó aldrei síðar en 14 dögum eftir að skattstjóra barst erindið.
 - b. Við bætist nýr stafliður sem verði c-liður og orðist svo: Við 3. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd endurgreiðslu samkvæmt þessari málsgrein.
3. Við 6. gr.
 - a. Í stað tollskrárnúmers 1514.1001 og 1514.1901 Repju-, kolsa- eða mustarðsolía komi:
1514.1101 og 1514.1901 Repju-, kolsa- eða mustarðsolía.
1514.9101 og 1514.9901 Repju-, kolsa- eða mustarðsolía.
 - b. Í stað tollskrárnúmers 1905.3022 komi: 1905.3122.
4. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2002.